

Fundur í stjórn nemendafélagsins 20. febrúar 2025

Mætt: Hólmar Thor 7. bekk, Svanborg Alma 7. bekk, Júlía Marín 8. bekk, Birkir Heiðberg 8. bekk, Emilía Ragnheiður 9. bekk, Kristján Leó 10. bekk, Súsanna Guðlaug 10. bekk og Kristbjörg, deildarstjóri unglingastigs sem stjórnaði fundi.

Dagskrá fundar:

- Skóladagatal til vors
- Helstu viðburðir til skólaloka
- Önnur mál

Deildarstjóri fór yfir skóladagatalið til vors. Rætt um lengd páskaeyfis og dagsetningu skólaslita.

7. bekkingar sögðu frá því helsta sem væri framundan hjá þeim. Annars vegar er það upplestrarkeppnin og hins vegar skólablaðið Skólatrall, sem 7. bekkingar gefa út til fjáröflunar fyrir skólaferðalag í vor.

10. bekkingar munu ekki gefa út skólablað í vor. Þeir stefna á páskabingó svo og nýja fjáröflun, sem er í skoðun hjá umsjónarkennurum. Æfingar á 10. bekkjar leikritinu eru hafnar. Þær færast í Bifröst á miðvikudaginn (26. feb.)

Rætt um uppbrotsdaga:

Íþróttadagur verður þann 4. mars nk. frá kl. 10:00-13:00. Kristbjörg sagði stuttlega frá dagskránni og breytingum á tímalengd hennar. Nemendur tóku vel í breytt fyrirkomulag. Rætt um vorferðalög í 7.-10. bekk og fjáröflun í tengslum við lengri ferðalögin, þ.e. í 7. bekk og 10. bekk.

Önnur mál:

Nemendur á unglingastigi óska eindregið eftir fræðslu um transfólk. Þeir telja mikilvægt að fræðast til að auka skilning sinn og stuðning við bekkjarsystkini sín.

Rætt um mótuneyti. Það sem helst kom fram voru óskir um meiri fjölbreytni í salatbarnum. Eins er óskað eftir möguleikanum að fá ristað brauð oftar. Annars var rætt um mat í hádegi á þriðjudögum þegar allt unglingastigið er hér að borða. Þau væru til í að það væri ekki alltaf fiskur.

Fundarmönnum þökkuoð góð þátttaka á fundinum og málefnaleg umræða.

Fleira ekki rætt.

Kristbjörg Kemp.